



BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 272

Sveinn Guðmundur Áki Kragh

(1910-1996)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 272

Sveinn Kragh

(1910-1996)

Sveinn Guðmundur Áki Kragh fæddist í Reykjavík hinn 11. september 1910. Hann lést á dvalarheimili aldraðra, Seljahlíð, í Reykjavík hinn 24. júní 1996.

Foreldrar hans voru hjónin Kristólína Guðmundsdóttir Kragh (1883-1973), hárgreiðslumeistari og Hans Madsen Kragh (1862-1934), símvirki frá Danmörku.

Hinn 17. febrúar 1936 kvæntist Sveinn, Sigríði *Ingibjörgu* Þorsteinsdóttur Kragh (Sigríði Þ. Kragh), fædd 21. október 1913 í Hafnarfirði, dáið 8. ágúst 1999. Þau eignuðust tvö börn, Þorstein Inga fæddur 1936 og Línu fædd 1938.

Sveinn útskrifaðist frá Vélskóla Íslands árið 1932 og hóf þegar störf í grein sinni. Sveinn starfaði meðal annars á verkstæði Landsímans og við uppsetningu véla í Elliðaárstöð Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Þá var hann vélstjóri á ýmsum fiski- og farskipum til ársins 1937. Sveinn starfaði eitt sumar, árið 1938, hjá Eimskip h.f. Árið 1939 hóf hann störf sem vélstjóri við raforkuverið á Ljósafossi í Grímsnesi og var þar óslitið til ársins 1948 er hann hóf störf í varastöð Landsvirkjunar við Elliðaár.

Heimild: Minningargrein í Morgunblaðinu, miðvikudaginn 3. júlí 1996, bls. 36
Heimild: Minningargrein í Morgunblaðinu, miðvikudaginn 17. ágúst 1999, bls. 42

Skjölin voru afhent Borgarskjalasafni 5. apríl 2004.
Gefandi er Elvar Ástráðsson er fann þau í Góða hirðinum.

Sjá einnig einkaskjalasafn nr. 397

Skjalaskrá

Askja 1

Skipsrúmssamningur og viðskiptabók, vistartími byrjar 15.5.1936 á gufuskipinu Maí frá Hafnarfirði.

Skipsrúmssamningur og viðskiptabók, vistartími byrjar 15.6.1937 á Gulltoppi RVK.

Skipsrúmssamningur og viðskiptabók, vistartími byrjar 24.3.1938 á fiskiskipinu Gulltoppi RE.

Skipsrúmssamningur og viðskiptabók, vistartími byrjar 27.6.1938 á Brúarfossi.

Skipsrúmssamningur og viðskiptabók, vistartími byrjar 20.9.1938 á Brúarfossi.

Dagbók 1973.

Dagbók 1975.

Dagbók 1976.

Dagbók 1986.

Dagbók 1990.

Skráð: Guðjón Indriðason